

LEIÐBEINANDI REGLUR
um skiptingu ellilífeyrisréttinda milli sjóðfélaga og maka

I. Kafli.
Almenn ákvæði

1. gr.

Gildissvið og tilgangur.

Reglunum er ætlað að tryggja samræmda framkvæmd lífeyrissjóða á samkomulagi um skiptingu ellilífeyrisréttinda milli sjóðfélaga og maka sem gert er á grundvelli 3. mgr. 14. gr. laga nr. 129/1997, um skyldutryggingu lífeyrisréttinda og starfsemi lífeyrissjóða.

Við túlkun á hugtakinu maki ber að líta til skilgreiningar í 3. mgr. 16. gr. laga nr. 129/1997. Með hugtakinu maki er eftir atvikum átt við fyrrverandi maka sjóðfélaga.

2. gr.

Form og framkvæmd.

Samkomulag um skiptingu ellilífeyrisréttinda skal vera skriflegt og ber aðilum að tilkynna hlutaðeigandi lífeyrissjóðum um það. Lífeyrissjóðir skulu eftir því sem við verður komið stuðla að notkun staðlaðs samningsforms fyrir samkomulag um skiptingu ellilífeyris milli sjóðfélaga og maka.

Þegar um er að ræða samkomulag um skiptingu framtíðarréttinda samkvæmt 6. gr. bera aðilar hvor um sig ábyrgð á því að kynna það fyrir þeim lífeyrissjóðum sem greitt er iðgjald til hverju sinni.

3. gr.

Gagnkvæmni.

Samkomulag aðila skal fela í sér gagnkvæma og jafna skiptingu ellilífeyrisréttinda sem áunnin eru meðan hjúskapur, óvígð sambúð eða staðfest samvist hefur staðið eða stendur. Því getur sjóðfélagi að hámarki afsalað helmingi réttinda sinna til maka.

4. gr.

Greiðsluskipting.

Sjóðfélagi og maki geta gert samning um skiptingu ellilífeyrisgreiðslna og ber lífeyrissjóði að skipta greiðslum til samræmis við samkomulag aðila.

Samkomulag um greiðsluskiptingu hefur ekki áhrif á hugsanlegt val sjóðfélaga um það hvenær hefja skuli töku ellilífeyris en samkomulag um greiðsluskiptingu kemur fyrst til framkvæmda eftir að sjóðfélagi hefur töku ellilífeyris.

Við andlát sjóðfélaga falla greiðslur niður. Deyi maki sem nýtur slíkra greiðslna á undan sjóðfélaganum skulu greiðslurnar allar renna til sjóðfélagans.

Aðilar geta sameiginlega fellt niður samkomulag um greiðsluskiptingu. Afturköllun á greiðsluskiptingu ber að tilkynna viðkomandi lífeyrissjóðum með þriggja mánaða fyrirvara og ber þá að greiða ellilífeyri til sjóðfélaga án skiptingar.

5. gr.

Skipting áunninna réttinda.

Sjóðfélagi og maki geta gert samkomulag um að verðmæti uppsafnaðra ellilífeyrisréttinda skuli allt að hálfu renna til að mynda sjálfstæð ellilífeyrisréttindi fyrir maka og skerðast þá réttindi sjóðfélagsins sem því nemur.

Samkomulag um skiptingu áunninna réttinda skal eiga sér stað áður en taka ellilífeyris hefst og eigi síðar en fyrir 65 ára aldur.

Skilyrði samninga um skiptingu á áunnum réttindum er að heilsa sjóðfélaga dragi ekki úr lífslíkum hans. Lífeyrissjóðir skulu leitast við að samræma framkvæmd er viðkemur könnun á heilsufari sjóðfélaga.

Heildarskuldbinding viðkomandi lífeyrissjóða skal ekki aukast við þessa ákvörðun sjóðfélaga. Skipting skal því framkvæmd með það að markmiði að hún hafi ekki áhrif á heildarskuldbindingu viðkomandi lífeyrissjóðs. Miða skal við tryggingafræðilegar forsendur við framkvæmd skiptingar.

Eftir skiptingu þegar áunninna réttinda verða ellilífeyrisréttindi hvors aðila sjálfstæð.

Samkomulag um skiptingu þegar áunninna réttinda verður ekki afturkallað nema fyrir liggja samþykki allra viðkomandi lífeyrissjóða að verða við sameiginlegri skriflegri beiðni frá sjóðfélaga og maka þess efnis. Skilyrði fyrir slíkri afturköllun er að heilsa sjóðfélaga dragi ekki úr lífslíkum hans.

6. gr.

Skipting framtíðarréttinda.

Sjóðfélagi og maki geta gert samkomulag um að iðgjald vegna sjóðfélaga sem gengur til að mynda ellilífeyrisréttindi skuli allt að hálfu renna til þess að mynda sjálfstæð réttindi fyrir maka hans.

Við ráðstöfun iðgjalds til lágmarkstryggingaverndar og viðbótartryggingaverndar skal litið svo á að iðgjaldsstofni sjóðfélagsins hafi verið skipt milli hans og makans eins og iðgjaldinu.

Skipting iðgjaldsins fellur niður þegar iðgjaldskylda þess eldri fellur niður vegna aldurs.

Hvor aðili að samkomulagi um skiptingu iðgjalds getur afturkallað samkomulagið einhliða með þriggja mánaða fyrirvara nema samið hafi verið um að samkomulagið verði því aðeins afturkalla með samþykki beggja.

7. gr.

Ellilífeyrisréttindi maka aðgreind.

Ellilífeyrisréttindum maka sjóðfélaga skal haldið aðgreindum frá öðrum réttindum sem maki kann að eiga vegna eigin sjóðsaðildar að viðkomandi lífeyrissjóði.

8. gr.

Sjóðfélagi örorkulífeyrisþegi.

Þegar sjóðfélagi, sem nýtur örorkulífeyris úr lífeyrissjóði, nær almennum ellilífeyrisaldri ber að stöðva örorkulífeyrisgreiðslur og greiða honum ellilífeyri til samræmis við samkomulag aðila um skiptingu ellilífeyrisréttinda.

Eigi sjóðfélagi framreikningsrétt á örorkulífeyri ber að skipta þeim rétti, sem kemur til greiðslu ellilífeyris, milli sjóðfélaga og maka til samræmis við samkomulag aðila um skiptingu ellilífeyrisréttinda.

II. Kafli.

Sérreglur er varða B-deild Lífeyrissjóðs starfsmanna ríkisins, Lífeyrissjóð hjúkrunarfræðinga og aðra hlutfallssjóði

9. gr.

Skilgreiningar.

Merking orða í þessum kafla er sem hér segir:

Sjóðfélagar: Sjóðfélagar í B-deild Lífeyrissjóðs starfsmanna ríkisins, sbr. III. kafla laga nr. 1/1997, um Lífeyrissjóð starfsmanna ríkisins eða sjóðfélagar í Lífeyrissjóði hjúkrunarfræðinga, sbr. lög nr. 2/1997, um Lífeyrissjóð hjúkrunarfræðinga.

Viðmiðunarlaun: Laun sem ellilífeyrisgreiðslur taka mið af, sbr. 2. mgr. 24. gr. laga nr. 1/1997, um Lífeyrissjóð starfsmanna ríkisins og 2. mgr. 8. gr. laga nr. 2/1997, um Lífeyrissjóð hjúkrunarfræðinga.

Sambærileg ákvæði er varða skilgreiningu á sjóðfélögum og launaviðmiðunum er að sækja í viðkomandi samþykktir sjóða.

10. gr.

Ellilífeyrisréttur maka.

Maki sjóðfélaga á rétt til að hefja töku ellilífeyris frá næstu mánaðamótum eftir að hann verður 65 ára.

Réttindaprósenta maka skal ákveðin út frá tryggingafræðilegum forsendum þar sem gert skal ráð fyrir því að heildarskuldbinding lífeyrissjóðsins aukist ekki við gerð samkomulags sjóðfélaga og maka um skiptingu þegar áunninna réttinda. Við útreikning á lífeyrisskuldbindingu skal gengið út frá því að lífeyristaka hefjist við 65 ára aldur. Réttindaprósenta maka getur því eftir atvikum orðið lægri eða hærri en sem nemur lækkun á réttindaprósentu sjóðfélaga.

11. gr.

Viðmiðunarlaun maka.

Þegar eingöngu áunnum réttindum er skipt skulu viðmiðunarlaun maka sjóðfélaga taka mið af þeim launum sem sjóðfélagi hafði við gerð samkomulags um skiptingu ellilífeyrisréttinda.

Þegar framtíðarréttindum hefur verið skipt eru viðmiðunarlaun maka þau sömu og sjóðfélagans hefji maki töku ellilífeyris samtímis eða síðar en sjóðfélaginn. Hefji maki hins vegar töku ellilífeyris á undan sjóðfélaga skulu viðmiðunarlaun maka taka mið af þeim launum sem sjóðfélagi hefur þegar taka ellilífeyris hefst hjá maka.

Hafi sjóðfélagi umtalsvert hærri viðmiðunarlaun en hann hefur haft að jafnaði á sjóðfélagatíma sínum við gerð samkomulags um skiptingu ellilífeyrisréttinda sbr. 1. mgr. eða þegar maki fer á lífeyri á undan sjóðfélaga, sbr. 2. mgr., skal stjórn sjóðsins ákveða þau viðmiðunarlaun sem ellilífeyrir maka skal taka mið af og skulu þau ákveðin með hliðsjón af þeim launum sem sjóðfélagi hefur að jafnaði haft á sjóðfélagatíma sínum.

Eigi sjóðfélagi geymdan rétt eru viðmiðunarlaun maka þau sömu og sjóðfélagans.

Eigi sjóðfélagi, við gerð samkomulags um skiptingu ellilífeyrisréttinda, skv. 1. mgr., eða við upphaf töku ellilífeyris maka skv. 2. másl. 2. mgr., rétt til viðmiðunar við herra launað starf fyrr á sjóðfélagatíma sínum, samkvæmt ákvæði í 6. mgr. 24. gr. laga nr. 1/1997 eða 6. mgr. 8. gr. laga nr. 2/1997, skulu viðmiðunarlaun maka sjóðfélaga taka mið af því starfi.

Viðmiðunarlaun ellilífeyris maka skulu frá því að þau liggja fyrir samkvæmt ákvæði þessu, taka breytingum til samræmis við meðalbreytingar sem verða á föstum launum

opinberra starfsmanna fyrir dagvinnu sem Hagstofa Íslands reiknar mánaðarlega, sbr. 2. mgr. 24. gr. laga nr. 1/1997.

12. gr.

95 ára regla.

Samkomulag um skiptingu ellilífeyrisréttinda skal ekki hafa áhrif á hugsanlegan rétt sjóðfélaga til að hefja ellilífeyri fyrir 65 ára aldur samkvæmt ákvæði í 4. mgr. 24. gr. laga nr. 1/1997 eða 4. mgr. 8. gr. laga nr. 2/1997. Réttindaávinnsla sjóðfélaga skal takmörkuð með sama hætti við 64% réttindaávinnslu að náðu 95 ára markinu miðað við að ekki sé til staðar samkomulag um skiptingu ellilífeyrisréttinda.

Réttindi maka sjóðfélaga skulu reiknuð til samræmis við ákvæði 2. mgr. 24. gr. laga nr. 1/1997 eða 2. mgr. 8. gr. laga nr. 1/1997 eftir því sem við verður komið óháð hugsanlegu vali sjóðfélaga á 95 ára reglu. Falli iðgjaldagreiðsluskylda sjóðfélaga niður samkvæmt vali um 95 ára reglu skulu réttindi maka reiknuð sem iðgjaldagreiðsluskylda hafi fallið niður samkvæmt fyrrgreindum lagaákvæðum.

13. gr.

Skipting eftirlauna.

Reglum þessum skal beitt, eftir því sem við getur átt, við túlkun samninga um skiptingu eftirlauna milli rétthafa og maka.

Reglur þessar voru sendar til umsagnar til aðildarsjóða LL og fjármálaráðuneytisins á árinu 2013.